

Fyrirspurn

til dómsmálaráðherra um störf flugflota og varðskipa Landhelgisgæslunnar.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Hve oft og í hve margar klukkustundir á tímabilinu 1. janúar 1998 til 1. september 2000 voru björgunarþyrlur Landhelgisgæslunnar annars vegar og gæsluflugvélin hins vegar kallaðar út vegna:
 - a. sjóslysa, sundurliðað eftir því hvort í hlut áttu íslenskir sjómenn eða erlendir,
 - b. slysa á landi, sundurliðað eftir umferðarslysum annars vegar og öðrum flokkum slysa hins vegar,
 - c. æfingaflugs í tengslum við Slysavarnaskóla sjómanna,
 - d. annars, og þá hvers?
2. Hvaða greiðslur hefur Landhelgisgæslan fengið fyrir notkun flugflotans til annarra starfa en gæslustarfa, sundurliðað eftir tegundum starfa?
3. Hve margir voru úthaldsdagar varðskipanna á sjó á fyrrnefndu tímabili, sundurliðað eftir skipum við gæslu og við önnur tilgreind störf?

Skriflegt svar óskast.